

Skýrsla stjórnar 1997

1995 - 1997

FJÖLDI KARLA OG KVENNA Í FÉLÖGUM LÍV 1. JANÚAR 1997.

FÉLAG	Karlar	Konur	Samtals	Skatt- skyldir
Vmf. Akraness	41	112	153	147
Vlf. Borgarness, deild	31	105	136	116
Vlf. Stykkishólms, deild	4	20	24	21
Vlf. Jökull, deild, Ólafsvík	3	33	36	35
Vlf. Valur, deild, Búðardal	2	16	18	18
Vmf. Ísafjarðar	47	166	213	213
Vlf Hólmavíkur	4	18	22	19
Vlf. Hrútfirðinga	3	20	23	23
Vmf. V-Húnvetninga	17	17	34	34
Vmf. Húnvetninga	25	53	78	72
Vmf. Skagfirðinga	49	125	174	174
Vlf. Vöku, deild, Siglufirði	17	46	63	60
F.V.S.A., Akureyri	446	882	1.328	1.207
Vmf. Húsavíkur	50	126	176	167
V.F.A., Egilsstöðum	91	257	348	315
Deild versl. og skrifstf. Jökuls, Höfn	27	74	101	94
Vlf. Samherjar, deild, Kirkjubæjarklaustri	4	8	12	12
Vlf. Víkingur, deild, Vík	6	11	17	16
Vmf. Rangárvallasýslu,	15	46	61	60
Vmf. Árnessýslu	62	288	350	313
Vmf. Vestmannaeyja	39	157	196	194
Vmf. Suðurnesja	195	436	631	580
Vmf. Hafnarfjarðar	310	589	899	860
Verzlunarmannafélag Reykjavík	5.345	8.270	13.615	12.813
Vlf. Afturelding, Hellissandi	1	6	7	7
Samtals	6.834	11.881	18.715	17.570

STARFSEMIN

Skrifstofan

Skrifstofa LÍV er í Fákafeni 11, Reykjavík og er starfsmaður sambandsins Ástríður S. Valbjörnsdóttir. Formaður LÍV, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri.

Látnir félagar

Á kjörtímabilinu hafa látist tveir félagar sem mikið hafa komið við sögu LÍV.

Guðmundur Jónsson lést þ. 17. janúar 1996 á áttugasta og öðru aldursári. Guðmundur var einn af traustustu félagsmönnum Verslunarmannafélags Reykjavík. Hann var virkur í félagsstarfinu í yfir 50 ár og nutu allir verslunarmenn reynslu hans og stuðnings í kjarabaráttu þessara áratuga. Guðmundur var sambandsstjórnarmaður í LÍV á árunum 1957-1961 og sat í framkvæmdastjórn 1975-1989 en þar hafði hann verið varamaður frá árinu 1972. Hann sat flest öll þing LÍV frá stofnun sambandsins.

Magnús Aðalbarnarson lést 19. júlí sl. sjötugur að aldri. Magnús starfaði frá því að hann var ungur maður til dauðadags innan Verslunarmannafélags Árnessýslu og kom mikið að kjarabaráttu verslunarmanna allan þann tíma. Hann átti sæti í sambandsstjórn LÍV á árunum 1973 til 1987 og sat mörg þing sambandsins.

LÍV þakkar þessum félögum einlæglega fyrir það mikla og góða starf sem þeir hafa unnið í þágu verslunarmanna.

Stjórnarfundir

Á kjörtímabilinu hafa verið haldnir 27 framkvæmdastjórnarfundir, 2 formannafundir og 2 formanna- og sambandsstjórnarfundir.

Skipulagsmál

Á síðasta þingi LÍV kom fram tillaga um að beina því til stjórnar að skoða hvort rétt væri að stofna landsfélag verslunarmanna. Hún var dregin til baka en ákveðið var að halda sambandsstjórnarfund í september eða október sama ár þar sem rædd yrðu skipulagsmál. Framkvæmdastjórn fól Hansínu Á. Stefánsdóttur og Jóhanni Geirdal að undirbúa fundinn. Þessi fundur var haldinn þ. 25. nóvember 1995 og dagskrá hans var endurskoðun kjarasamninga og skipulagsmál. Þar sem kjaramálaumræðan tók mjög mikinn tíma gafst því miður ekki nægjanlegur tími til að fara yfir skipulagsmálin og var ákveðið að boða annan fund um þau og sjúkrasjóðsmál síðar.

Á næsta hálfu ári var það reynt ítrekað að ná saman fundi en vegna mikilla anna aðila tókst það ekki. Hann var ákveðinn fjórum sinnum og hætt við hann jafnóðum. Þar komu til ýmsar ástæður m.a. fundir annarra aðila s.s.fundaherferð ASÍ vegna breyttrar vinnulöggjafar og undirbúningur ASÍ þings en það er að miklu leyti sama fólk sem mætir á slíka fundi fyrir hönd stéttarfélaganna. Það vill því oft verða erfitt að koma fundum fyrir einkum ef mikilvægt er að þeir sem mest hafa komið að málinu hafi tækifæri til að

mæta. Síðasta tilraun á þeim tíma var að boða fund um skipulagsmál og sjúkrasjóði í lok júní 1996 að loknu ASÍ þingi en þá kom í ljós að aðeins örfáir aðilar gátu mætt og var því að hætt við hann.

Á haustmánuðum var síðan hafinn undirbúningur kjarasamninga og var formanna- og sambandsstjórnarfundurinn um skipulagsmál því ekki haldinn fyrr en að þeim loknum eða 24. maí 1997. Miklar og hreinskiptar umræður urðu á þeim fundi en engin niðurstaða fékkst af honum enda hafði þá mun stærra mál komið inn í umræðuna í millitíðinni sem var ákvörðun aðalfundar VR um endurskoðun á aðild VR að LÍV.

Ljóst er að ágreiningur er innan sambandsins og sýnist þar sitt hverjum. Allir eru þó sammála um mikilvægi þess að starfssvið og starfshættir sambandsins verði tekið til gaumgæfilegrar skoðunar. Það var því samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar þ. 7. október sl. að leggja fyrir þingið tillögu þess efnis að ný framkvæmdastjórn skipi nefnd, sem hafi það verkefni að leita eftir áherslum og óskum aðildarfélaganna varðandi starfsemina og koma með tillögur í þeim efnum. Rætt hefur verið að tillögur nefndarinnar verði lagðar fyrir formanna- og sambandsstjórnarfund í október 1998 og að nefndin hagi upplýsingaöflun þannig að a.m.k. 3 mánuðir gefist til tillögugerðar.

Töluvert hefur gerst í sameiningarmálum félaganna á tímabilinu. Verslunarmannafélög Bolungarvíkur og Ísafjarðar sameinuðust og hefur það gengið mjög vel. Það var gert til reynslu til 3ja ára. Sá frestur rennur út 1. júlí 1998 og eru engin teikn á lofti um að sú sameining gangi tilbaka.

Innganga Verslunarmannafélags Borgarness sem deild í Verkalýðsfélag Borgarness varð endanleg að loknu 2ja ára reynslutímabili.

Þessa dagana er verið að sameina Verkalýðsfélagið Jökul í Ólafsvík og Aftureldingu á Hellissandi, sem ætti að styrkja starfsemi verslunarmanna á svæðinu.

Umræður hafa verið í gangi milli verkalýðsfélaganna í Vík og á Kirkjubæjarklaustri um sameiningu, sem ætti að styrkja stöðu verslunarmanna.

Umræður hafa staðið yfir milli Verslunarmannafélags Rangæinga og Verslunarmannafélags Árnessýslu um sameiningu og myndi það félag verða með yfir 400 félagsmenn ef af yrði.

Verslunarmannafélag Húnvetninga á Blönduósi hefur nýlega stofnað nýtt deildaskipt stéttarfélag, Samstöðu, ásamt flestum öðrum stéttarfélögum á svæðinu en Verslunarmannafélag Vestur Húnvetninga felldi þátttöku í þessu nýja félagi í atkvæðagreiðslu. Næsta ár verður reynslutímabil hjá þessu nýja félagi og það verður líklega ekki fyrr en að tveimur árum liðnum sem félögin sem að stofnuninni standa yrðu lögð niður og sjóðir félaganna sameinaðir. Frá næstu áramótum munu innkomin iðgjöld renna í einn sameiginlegan félagsgjaldasjóð, sem verður notaður á meðan á reynslutímabilinu stendur.

Rætt hefur verið um mikilvægi þess að vinna áfram að því að sameina minni verslunarmannafélögin og deildir verslunarmanna svo og skoða sameiningu sjúkrasjóða og sameiningu eða samvinnu orlofssjóða en það er hvort tveggja mögulegt án þess að sameina félögin sjálf. Það gæti styrkt mjög tryggingalega stöðu félagsmanna í litlum félögum og aukið möguleika þeirra í orlofsmálum.

Erlent samstarf

NS (Nordisk Samarbejdskomité)

Árlegur fundur NS, sem ávallt er haldinn í júní, var í Dombås í Noregi 1995, í Berlín í Þýskalandi 1996 og í Vaasa í Finnlandi 1997. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sótti fundina. Mikil umræða hefur verið á þessu tímabili um skipulag og verkefni NS og hvort opna eigi nefndina öðrum samböndum verslunarmanna í aðildarlöndunum. Það varð ofan á að það yrði ekki gert a.m.k. að svo stöddu en aðilar voru sammála um nauðsyn þess að nýta nefndina til að styrkja stöðu Norðurlandanna í umræðu um Evrópumál innan FIET.

Rætt hefur verið með hvaða hætti verslunarmenn á Norðurlöndum geti haft mest áhrif á umræðuna um tilskipanir og samþykktir Evrópusambandsins. Mikil áhersla er lögð á þetta samstöðu Norðurlandanna og mikilvægi þess að norræna viðhorfið verði ofan á í þeim miklu reglusmiðum sem nú eiga sér stað innan Evrópusambandsins.

Á hverjum fundi hafa samböndin síðan skipst á skoðunum og upplýsingum um ýmis mál þ.á.m. sameiginleg vandamál sambandanna s.s. atvinnuleysi, afgreiðslutími verslana og jafnréttismál. Ennfremur er árlega gerð áætlun um fræðslustarf nefndarinnar. Sérstakur aukafundur var haldinn í nefndinni í Stokkhólmi í janúar 1996 og var boðið til hans fulltrúum verslunarmanna í Eystrasaltlöndunum. Hin samböndin í NS hafa tekið þátt í samstarfsverkefni með þessum samböndum og það er mjög fróðlegt að heyra hve mikil vandamál mæta stéttarfélagunum í þessum ný frjálsu löndum og hve miklu skiptir að þau fái utanaðkomandi aðstoð. Samstarfsverkefnið byggir á styrk frá Evrópusambandinu.

FIET

Í FIET sem eru alþjóðasamtök verslunar- og skrifstofufólks og annarra starfsgreina í þjónustugeiranum eru 11 milljónir manna í 400 samtökum í 140 löndum. Það skiptist eftir landssvæðum í 4 undir deildir Euro-FIET (Evrópa), AFRO-FIET (Afríka), APRO-FIET (Asía og Kyrrahaf) og IRO-FIET (Ameríkurnar) sem skiptast síðan eftir starfsgreinum í verslun, iðnað, banka, hárgreiðslu og snyrtingu, tryggingar, viðhald fasteigna og öryggisþjónustu, almanna tryggingar og heilsugæslu.

Fyrir nokkrum árum var mikil umræða innan LÍV um að sambandið segði sig úr FIET vegna hárra félagsgjalda. Það var nokkuð almenn skoðun á þeim tíma að ekki væri nóg að sækja til samtakanna til að réttlæta félagsgjöldin, sem eru nokkuð há, og lítill möguleiki væri á þátttöku í fundum o.þ.h. þegar búið væri að greiða félagsgjaldið. Hin samböndin innan NS töldu mjög mikilvægt að LÍV gengi ekki úr FIET þar sem NS er samband FIET sambanda og það myndi setja framhald þess starfs í mikla óvissu. Það varð því úr að frá árinu 1992 fékk LÍV umtalsverða ívilnun í skatti til FIET.

Á síðustu árum hafa mörg mjög fjárhagslega veik samtök m.a. frá austantjaldslöndunum komið inn í FIET og hafa þau orðið að greiða fullt félagsgjald. Það var því ekki talið fært að LÍV nyti áfram afsláttar og komu þau skilaboð frá samtökunum að LÍV yrði að greiða fullan skatt ætlaði það að eiga áframhaldandi aðild að FIET.

Formaður LÍV hefur átt viðræður við fulltrúa FIET og hefur verið mjög vel tekið. Samtökin hafa ítrekað lýst vilja sínum til að koma til móts við LÍV með ýmsum hætti og eru tilbúin til að aðstoða eins og þau best geta. Það er þó ljóst að frá og með næstu áramótum verður LÍV að greiða fullt félagsgjald ætli það að eiga áframhaldandi aðild að FIET.

Í júní s.l. komu hingað Jan Furstenborg frá Euro-FIET, Jørgen Hoppe og Per Tønnesen frá HK í Danmörku til að ræða þessi mál. Haldnir voru fundir með þeim og stjórn LÍV svo og fulltrúum VR þar sem farið var yfir málið og var afstaða allra íslensku fulltrúanna að mjög mikilvægt væri að taka þátt í starfi FIET þó svo að greiða þyrfti full félagsgjöld. Aðalástæðan er sú að eftir gerð samningsins um EES er mun meira fyrir LÍV að sækja til FIET þar sem samtökin eru mjög sterk í umræðunni innan Evrópusambandsins og hafa þar mikil áhrif. Þar við bætist að FIET hefur breytt og bætt starfsemi sína mjög mikið á síðustu árum og því getur LÍV nú haft mikið gagn af því að eiga aðild að samtökunum með því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sækja upplýsingar til samtakanna og með fundasókn. Verið er að opna möguleika á þátttöku í fundum um Internetið og eykur það mjög möguleika LÍV til þátttöku.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sótti síðan fund hjá Euro-FIET verslun, sem haldinn var í september 1997 í Genf. Hann var einkum til undirbúnings þings sem halda á í Cardiff á næsta ári og var aðalefni hans undirbúningur að stefnuskrá, sem stendur til að afgreiða á því þingi. Ennfremur var rætt um starf FIET og ILO gegn barnavinnu og þann árangur sem orðið hefur af því. Mjög vel var tekið á móti fulltrúa LÍV og lýstu þeir forsvarsmenn sem þar voru ánægju sinni með endurnýjaða þátttöku sambandsins í starfsemi FIET. Á fundinum var kynnt sú aðstoð sem Euro-Fiet hefur veitt til enduruppbyggingar verkalýðshreyfingarinnar í Bosníu og Herzegovínu og var hún mjög áhrifamikil og sýndi vel áhrifamátt samstöðunnar.

Breytingar á vinnulöggjöfinni

Átökin sem urðu um breytingar stjórnvalda á vinnulöggjöfinni settu mjög svip sinn á allt starf verkalýðshreyfingarinnar fyrstu fimm mánuði ársins 1996 eða þar til Alþingi samþykkti nýja vinnulöggjöf. Vegna andstöðu allrar verkalýðshreyfingarinnar var þá búið að draga til baka margt af því sem var í upphaflegum hugmyndum ríkisstjórnarinnar en eigi að síður var búið að gerbreyta verkfallsvopninu og samskiptum á vinnumarkaði.

Fjölmarginir fundir voru haldnir á þessu tímabili og tók LÍV þátt í því starfi ásamt öðrum landssamböndum ASÍ. Í janúar 1996 kom fram frumvarp embættismanna um breytingar á lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Eftir hörð viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar voru þessi drög dregin til baka og fallist á þá eindregnu kröfu formanna landssambanda ASÍ að aðilar vinnumarkaðarins semdu um samskiptareglur sín á milli.

Viðræðum þessara aðila var þó sjálfhætt þegar í ljós kom að nýtt frumvarp var í smíðum í félagsmálaráðuneytinu, í þetta sinn um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þessum vinnubrögðum var harðlega mótmælt af verkalýðshreyfingunni enda var hefð fyrir því að þessi mál væru leyst á friðsamlegan hátt með þríhliða samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Öll verkalýðshreyfingin sameinaðist gegn þessu frumvarpi, sem og frumvarpi um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir þessa andstöðu voru frumvörpin samþykkt af Alþingi á vordögum þó í nokkuð breyttri mynd og má telja fullvíst að hörð andstaða verkalýðshreyfingarinnar hafi þar afstýrt stórslysi. Það er þó ljóst að áhrif þeirra breytinga sem gerðar voru eru ekki að fullu komin fram og því ekki að öllu ljós.

ASÍ þing

ASÍ þing var haldið í Digranesskóla í Kópavogi 20.-24. maí 1996. Undirbúningur þess hófst haustið 1995 og stóð allt fram til þings. ASÍ varð 80 ára á árinu og var því ákveðið að leggja mikla vinnu í að undirbúa heildstæða stefnumótun fyrir sambandið og leggja fyrir þingið. Fulltrúar LÍV tóku mikinn þátt í þessu starfi og höfðu með því áhrif á þær áherslur sem þar komu fram.

Þinghaldið gekk almennt vel fyrir sig en eftir að kosnir höfðu verið varamenn í miðstjórn og í ljós kom að fulltrúi VR hafði ekki náð kjöri lýsti formaður VR því yfir að félagið myndi ekki taka þátt í frekari kosningum enda væri ljóst að þingfulltrúar væru að útiloka fulltrúa stærsta stéttarfélags landsins frá forystu í ASÍ. Öll hin verslunarmannafélögin innan LÍV ákváðu að fylgja VR og taka ekki frekari þátt í kosningum þingsins. Verslunarmenn sýndu þannig fullkomna samstöðu.

Eftir að upplýst var að verslunarmenn hygðust ekki taka þátt í kosningunni og þeir voru sestir átti sér stað sá einstaki atburður að fulltrúar ýmissa félaga með fulltrúa Félags hljómlistarmanna og Sóknar í broddi fylkingar komu gangandi orðalaust og tóku sér stöðu við borð verslunarmanna. Síðan komu fulltrúar hvers félagsins á fætur öðru þar til lang stærstur hluti salarins var staðinn upp. Með þessu sýndu þessir félagar verslunarmönnum ómetanlega samstöðu og stuðning og fyrir flesta sem þetta upplifðu er þetta ógleymanleg stund. Verslunarmenn tóku ekki þátt í kosningu til sambandsstjórnar ASÍ en vegna hinnar miklu samstöðu stærsta hlutar þingfulltrúa tóku þeir þátt í störfum þingsins að þeim loknum.

Formaður LÍV var kosinn 2. varaforseti ASÍ og Pétur A. Maack, VR, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, VR, Hansína Á. Stefánsdóttir, Verslunarmannafélagi Árnessýslu og Sólvieg Haraldsdóttir, Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar voru kosin aðalmenn í miðstjórn. Jóhann Geirdal, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, Ágúst Óskarsson, Verslunarmannafélagi Húsavíkur og Edda Kjartansdóttir, VR voru kosin sem varamenn í miðstjórn.

Sambandsstjórn ASÍ er aðeins að hluta kosin á þingi sambandsins en að hluta skipuð af landssamböndunum og skipaði LÍV Magnús L. Sveinsson, VR, Jónu Steinbergsdóttur, FVSA, Böðvar Pétursson, VR og Elínu Elíasdóttur, VR sem aðalmenn í sambandsstjórn ASÍ og sem varamenn Magnús Pálsson, VFA, Hjört Geirmundsson, Verslunarmannafélagi Skagfirðinga, Guðrúnu Erlingsdóttur, Verslunarmannafélagi Vestmannaeyja og Grétar Hannesson VR.

Stefanía Magnúsdóttir, VR var kosin aðalmaður í stjórn MFA og Jóhann Geirdal, Verslunarmannafélagi Suðurnesja sem varamaður. Guðmundur B. Ólafsson, VR var kosinn einn þriggja fulltrúa í nefnd sem skoða átti rekstur ASÍ og Gunnar Páll Pálsson einn fimm fulltrúa í nefnd sem vinna átti hugmyndir um breytingar á sköttum til ASÍ og einnig í hóp sem vinna á með húsnæðisnefnd ASÍ.

Þegar að loknu ASÍ þingi var skipað í fastanefndir sambandsins var ákveðið í miðstjórn að leita eftir hluta tilnefninganna frá landssamböndunum og skipaði LÍV fulltrúa í þær allar en í samráði við VR voru flestir fulltrúar frá félögum utan Reykjavíkur.

Saga LÍV

Í september 1995 gerði LÍV samning við Lýð Björnsson, sagnfræðing um að skrá sögu sambandsins. Ekki var reiknað með því að sagan yrði gefin út en nauðsynlegt var talið að skrá hana og ná viðtölum við ýmsa aðila sem tekið hefðu þátt í stofnun og starfi sambandsins. Tilefnið var 40 ára afmæli LÍV þ. 2. júní 1997 og átti samantektin að vera tilbúin fyrir þann tíma sem hún og er. Lítil hluti hennar verður birtur í afmælisblaði LÍV en hún hefur verið send til einstakra félaga til yfirlestrar. Að því loknu er reiknað með að hún verði til í fjölrítuðu formi fyrir þá sem þess óska en útgáfa hennar í bókarformi bíði betri tíma.

Starfsmenntun

Nefnd sú um starfsmenntun verslunarfólks, sem skipuð var í kjölfar kjarasamninganna 1992 starfar enn. Í henni eiga sæti fulltrúar LÍV, VR, VSÍ og VMS og er tilgangur hennar að vinna tillögur að skipulagi náms innan framhaldsskólanna með það að markmiði að undirbúa nemendur undir störf í verslun og leita samstarfs við menntamálayfirvöld um uppbyggingu styttri námsbrauta. Samhliða ákváðu aðilar að undirbúa námskeiðahald og hófust handa við gerð námsefnis fyrir styttri námskeið ætluð þeim sem vinna í verslun.

Styrkir til þessa starfs hafa fengist úr Starfsmenntasjóði og hafa námskeiðin Smásöluverslun I, sem er grunnnámskeið, og Kjöt verið haldin á síðustu árum bæði í Reykjavík og úti á landi. Nú er verið að leggja síðustu hönd á námskeið um Textil (efni) og Ávexti og grænmeti. Í undirbúningi er námskeið fyrir starfsmenn raf-og heimilistækjaverslana, sem verður vonandi tilbúið um áramót og einnig námskeið fyrir starfsfólk byggingavöruverslana. Verið er að undirbúa námskeiðið Smásöluverslun II sem er hugsað sem framhald af Smásöluverslun I og er einkum ætlað deildar- og verslunarstjórum.

Erfiðlega hefur gengið að fá kaupmenn til að senda starfsmenn á námskeiðin og var í síðustu kjarasamningum reynt að finna leiðir til þess að bæta úr því. Aðalástæðan er að miklu leyti mannfæð í verslunum en lögð hefur verið áhersla á að námskeiðin séu haldin í vinnutíma. Nefndin á fulltrúa í skólanefnd Borgarholtsskóla, sem nú býður upp á 2ja ára nám í verslunarstörfum. Ennfremur tekur LÍV þátt í starfi samstarfsnefndar um starfsmenntun utan löggiltra iðngreina en þar hefur m.a. verið unnið að flokkun starfsgreina í starfsflokka og í framhaldi af því að tilnefningu í starfsgreinaráð. Það verður eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar LÍV að ákveða hvort sambandið vill leggja fé til þess starfs þannig að það geti haldið áfram. Þess má geta að formaður LÍV er fulltrúi ASÍ í Sammennt - samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla svo og samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi en með því tengist starf LÍV í þessum málaflokki þeirri vinnu sem er í gangi á öllum stigum starfsmenntunarinnar.

LÍV blaðið

Í byrjun júlí 1995 hélt framkvæmdastjórn LÍV 7 klst. langan fund þar sem rædd var starfsemi LÍV og skipulagsmál. Reynt var að leggja mat á það hvernig best væri hægt að þjóna aðildarfélögnum og hvaða verkefni væri brýnast að LÍV tæki að sér. Mikil áhersla var lögð á útgáfumál og var því ákveðið að sambandið gæfi út blað.

Mikil vinna var lögð í undirbúning þess og var það ætlað almennum félagsmönnum aðildarfélaganna. Reynt var að hafa blaðið fræðandi og inni í því miðju hafðar síður með upplýsingum um kjaramál, sem taka má út og geyma sérstaklega. Blaðinu hefur verið einkar vel tekið en tvö tölublöð hafa þegar komið út og er reiknað með því að útgáfunni verði haldið áfram. Sambandið bar kostnaðinn af uppsetningu og undirbúningi blaðsins og þeim eintökum sem send eru til fjölmiðla, stjórnámálanna o.fl. en félögin greiða kostnaðarverð og sendingarkostnað fyrir hvert eintak, sem þau óska eftir að send séu á sína félagsmenn.

Ennfremur var ákveðið að gefa út sérstakt afmælisblað LÍV í tilefni af 40 ára afmæli sambandsins. Auglýsingatekjur munu bera kostnaðinn við útgáfuna að mestu leyti en félögin greiða dreifingarkostnað.

Bæklingar

Bæklingurinn um réttindi og skyldur afgreiðslufólks var endurútfinn og hafa sum félögin dreift honum í skóla. Rætt hefur verið að gefa út nýjan bækling um söluturna en sá gamli er ónothæfur eftir að söluturnasamningnum var breytt í síðustu kjarasamningum og mikill áhugi er á útgáfu dreifirita einkum þeim sem henta ungu fólki.

Nýr kjarasamningur hefur verið gefinn út. Mjög mikil vinna hefur verið lögð í frágang hans og er hann stærri en venjulega enda gildir hann til aldamóta.

Lífeyrismál

Við gerð kjarasamninganna síðastliðið vor bærust fregnir af því að smíði frumvarps um lífeyrissjóðina á almennum vinnumarkaði væri langt komin. Frekari viðræðum var þegar í stað frestað enda um gífurlega mikilvægan hluta af kjörum launafólks að tefla. Það réði úrslitum við frágang kjarasamninganna að forsætisráðherra sendi frá sér skriflega yfirlýsingu þess efnis að forræði almennu lífeyrissjóðanna á 10% iðgjaldinu yrði tryggt í nýrri löggjöf. Þegar frumvarpsdrög litu dagsins ljós olli það því miklum vonbrigðum að reynt var að komast fram hjá þessari afdráttarlausu yfirlýsingu forsætisráðherra. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands sendu sameiginlega umsögn um þessi frumvarpsdrög og fóru einnig fram á það í sameiningu að afgreiðslu málsins yrði frestað svo kanna mætti hvort hægt yrði að ná niðurstöðu í málinu sem allir aðilar gætu sætt sig við. Ráðherra skipaði nefnd til að fjalla um frumvarpið yfir. Þessi nefnd hefur fundað nokkrum sinnum í sumar en engin niðurstaða hefur náðst í grundvallaratriðunum sem varða sjálfar stoðir kerfisins - aðildarskylduna og samtrygginguna - þrátt fyrir áður nefnda yfirlýsingu forsætisráðherra.

Fyrstu frumvarpsdrögin og umræður í nefndinni afhjúpa að meginmarkmið frumvarps- höfunda er ekki að tryggja vöxt og viðgang lífeyrissjóðakerfisins með hagsmunum lífeyris-

þega og skattgreiðenda framtíðarinnar í huga heldur að opna hinum ýmsu fyrirtækjum á fjármáلامarkaði leið til þess að sýsla með hluta af lífeyrissparnaði launafólks.

Í ljósi síbatnandi stöðu lífeyrissjóðanna, vaxandi trausts þeirra meðal almennings og þeirrar staðreyndar að íslenska lífeyrissjóðakerfið nýtur virðingar sem fyrirmyndarkerfi hvarvetna erlendis þá skyldi mega ætla að ráðamenn þjóðarinnar vilji hlúa að þessu kerfi og efla það í hvívetna. En staðan sem við stöndum nú frammi fyrir þegar þessi skýrsla er skrifuð er því miður önnur og því er framtíð þessa lífeyrissjóðakerfis í mikilli óvissu.

KJARAMÁL

Kjaradómur

Í byrjun september 1995 sendi Kjaradómur frá sér úrskurð um laun æðstu embættismanna, þingmanna og ráðherra. Samkvæmt þessum úrskurði hækkuðu laun ráðherra um 19,2% eða kr. 56.000 til 62.000 á mánuði, laun þingmanna um 9,6% eða kr. 17.000 og laun æðstu embættismanna hækkuðu um 9,5% eða kr. 19.000 til 26.000 á mánuði. Forsætisnefnd Alþingis ákvað á sama tíma ýmsar launahækkanir og kostnaðargreiðslur fyrir þingmenn sem komu til viðbótar áðurnefndum launahækkunum. Þar á meðal var ákvörðun um kr.40.000 skattfrjálsa kostnaðargreiðslu til viðbótar við skattfrjálsar greiðslur vegna húsnæðis-, dvalar- og ferðakostnaðar.

Viðbrögð almennings við þessu voru almenn og djúpstæð reiði og höfðu margir samband við stéttarfélag sitt og kröfðust þess að verkalýðshreyfingin léti þetta ekki viðgangast. Í kjölfar þess var samþykkt í miðstjórn ASÍ að hvetja launafólk almennt til að leggja niður vinnu eftir hádegi 14. september til að undirstrika mótmæli sín og mæta á mótmælafundi sem haldnir voru víða um land þennan dag. Yfir 10.000 manns mættu á fundinn á Ingólfstorgi í Reykjavík og um 3.000 manns á fundi stéttarfélaganna á Akureyri en víða annars staðar á landinu var einnig efnt til funda og aðgerða.

Í kjölfar þess óskaði launanefnd ASÍ eftir fundi með forsætisráðherra til að fá svar við því hvort stefnubreyting hefði orðið hjá ríkisstjórninni í kjaramálum, því að það myndi óneitanlega hafa mikil áhrif á mat launanefndarinnar á forsendum kjarasamninga. Forsætisráðherra, sem áður hafði sagt viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við kjaradómi óeðlileg, tók undir með fulltrúum launanefndar að rétt væri að fá útfærslur á forsendum Kjaradóms þannig að hægt væri að átta sig á því hvort rétt væri að málum staðið. Alþingi felldi úr gildi reglur um kr. 40.000 skattfrjálsar kostnaðargreiðslur en að öðru leyti stóð niðurstaða Kjaradómsins og aðrar ákvarðanir óhaggaðar þrátt fyrir öll mótmæli.

Vinnutímasamningurinn

Formenn landssambanda ASÍ skipuðu 3ja manna nefnd til að semja við VSÍ og VMS um vinnutímatilskipun Evrópusambandsins. Nefndina skipuðu Halldór Grönvold, Björn Grétar Sveinsson og formaður LÍV Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og var markmið samningsins að setja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi og til að tryggja aukið öryggi og heilsuvernd launafólks.

Nefndin hélt fjölmarga fundi og var samningur milli ASÍ og VSÍ undirritaður 30. desember 1996. Hann tók gildi 1. janúar 1997 og átti að vera kominn til framkvæmda í síðasta lagi 1. apríl 1997 en nokkuð lengri tíma tók að ganga frá sams konar samningi við VMS. Mjög mikilvægt var að aðilar vinnumarkaðarins næðu samningum um tilskipunina og gætu aðlagð hana að aðstæðum hérlendis í stað þess að stjórnvöld settu um hana lög.

Ákvörðun launanefndar í nóvember 1995.

Við gerð kjarasamninganna í febrúar 1995 varð samkomulag milli landssambandanna innan ASÍ um að haga endurskoðunarákvæðum þannig að aðeins ein launanefnd yrði starfandi fyrir öll samböndin. Fyrir hönd ASÍ átti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV, sæti í launanefndinni ásamt Benedikt Davíðssyni, þáverandi forseta ASÍ, og Birni Grétari Sveinssyni, formanni VMSÍ.

Samkvæmt kjarasamningsákvæðunum hafði nefndin víðtækt vald til að meta forsendur samninganna, kveða upp úrskurð um niðurstöðu þess mats og gera tillögur um viðbrögð. Eigi að síður var ákveðið innan ASÍ að hafa víðtækt samráð við endurskoðun samninganna í nóvember 1995 og var settur niður sérstakur vinnuhópur, sem saman stóð af formönnum lands- og svæðasambanda innan ASÍ. Magnús L. Sveinsson, formaður VR og Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar tóku þátt í störfum vinnuhópsins.

Hópurinn hittist reglulega í október og nóvember 1995. Hann lagði mat á það hvort samningsforsendur hefðu staðist og var þannig fulltrúum ASÍ í launanefndinni til aðstoðar. Hann gerði alvarlegar athugasemdir við framsetningu fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1996 þar sem sýnt þótti að ríkisstjórnin hygðist ekki standa við yfirlýsingu sína sem fylgdi kjarasamningunum.

Ríkisstjórnin taldi sig aftur á móti hafa staðið við allt sitt en það var einkum þrennt sem ágreiningur var um. Skerðing skattleysismarka vegna áhrifa á kaupmátt launa, hækkun tryggingagjalds atvinnurekenda um 0,5% vegna áhrifa þess á verðbólgu og svigrúm fyrir tækja til að hækka laun og síðast en ekki síst afnám umsaminna hækkana á atvinnuleysisbótum og elli- og örorkulífeyri. Samkvæmt mati Hagdeildar ASÍ námu þær skatta-hækkningar sem í þessu fólust 2.300 milljónum króna og þar af voru 1.000 milljónir vegna tryggingagjalds atvinnurekenda.

Þann 29. nóvember gaf ríkisstjórnin hins vegar út nýja yfirlýsingu þar sem verulega var komið til móts við gagnrýni verkálýðshreyfingarinnar, sérstaklega vegna skerðingar skattleysismarkanna og afnáms umsaminna hækkana á atvinnuleysisbótum og elli- og örorkulífeyri. Samkvæmt henni hækkuðu atvinnuleysisbætur í samræmi við kjarasamninga um kr. 2.700 þ. 1. janúar 1996 og bætur almannatrygginga hækkuðu um 3.5% en í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að hvoru tveggja félli niður. Ennfremur var ákveðið að skattleysismörk myndu einnig hækka á árinu 1996 þó minna en ef verðtrygging persónuafsláttar hefði verið óbreytt.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gerði einnig ráð fyrir því að breytt yrði verulega forsendum verðlagningar á grænmeti og afurðum svína og alifugla.

Hópurinn lagði einnig mat á tillögu um hækkun desemberuppbótar, sem fylgdi álitum launanevndar en samkvæmt henni hækkaði desemberuppbót úr kr. 13.000 í kr. 20.000 á árinu 1995 og síðan í kr. 24.000 á árinu 1996. Reiknað var með því að áhrifin á meðaltekjur á árinu 1996 væru 1.1% og varanleg áhrif 0,7%. Eins og áður sagði var launanevndinni eingöngu ætlað að gera tillögur um viðbrögð og var þessari tillögu um hækkun desemberuppbótar því vísað til stéttarfélaganna til afgreiðslu.

Að teknu tilliti til þessara breytinga taldi meirihluti fulltrúa í launanevnd að ekki væru marktæk frávík frá forsendum kjarasamninganna og því ekki lagalegur grundvöllur til þess að segja þeim upp. Launanevndin klofnaði þannig í niðurstöðu sinni og skilaði Björn Grétar Sveinsson séráliti í málinu.

Söluurnasamningarnir:

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninganna frá febrúar 1995 var skipuð nefnd fulltrúa frá LÍV, VR, VSÍ og VMS til að fjalla um söluurnasamninginn en illa hafði gengið að ná sáttum í málinu við samningagerðina. Þar hafði þó náðst fram bókun sem miklu máli skipti. Nokkuð dróst að VSÍ skipaði fulltrúa í nefndina og að hún hæfi störf. Nokkur ágreiningur var í nefndinni framan af en mestur tími fór í að reyna að skilgreina með ótví-
ræðum hætti hvað væri söluurn þannig að allir aðilar væru sáttir.

Í byrjun ágúst 1996 náðist að lokum samkomulag í nefndinni og var ákveðið að senda þau drög til aðildarfélaganna til umsagnar. Það varð strax ljóst að ekki var vilji hjá fé-
lögunum til að nálgast málið með þeim hætti sem drögin gerðu ráð fyrir og á fundi þ. 20. september var þeim hafnað og því var ekki annað fært en að bíða eftir næstu kjara-
samningagerð, sem þá var skammt undan.

Kjarasamningar 1996-1997

Kjarasamningarnir sem gerðir voru í febrúar 1995 giltu til 31. desember 1996 og hófst undirbúningur nýrra kjarasamninga hjá LÍV haustið 1996. Engar óskir höfðu borist frá aðildarfélögum þannig að ákveðið var að leita eftir því hvernig félögin hygðust halda á kjarasamningagerð og hvort þau hygðust fela sambandinu samningsumboð sitt. Vegna breyttrar vinnulöggjafar þurfti þetta að liggja fyrir mun skýrar en áður og var þess vand-
lega gætt að farið væri að lögum.

Eins og undanfarin ár létu flest félög önnur en VR í ljós þá ósk að að LÍV ynni kröfugerð og færi með samningsumboð. Verslunarmannafélag Húsavíkur óskaði eftir því að starfa með LÍV en hélt til að byrja með sjálfst samningsumboði sínu.

Í samningunum 1995 unnu allir verslunarmenn saman að samningsgerðinni sem einn maður og útkoman varð kjarasamningur sem félögin voru almennt mjög ánægð með. VR hafði þá forystu í kröfugerðinni og það var samdóma álit innan LÍV að þar hefði tekist einkar vel til. Í aðdraganda síðustu kjarasamninga var því leitað að sameiginlegri nálgun fyrir öll verslunarmannafélögin en það tókst því miður ekki og niðurstaðan varð sú að LÍV vann sjálfstæða kröfugerð.

Í október 1996 gerðu LÍV og VR viðræðuáætlanir við VMS og FÍS en vegna ágreinings um jólahlé náðist ekki samkomulag við VSÍ og gerði sáttasemjari viðræðuáætlun fyrir LÍV, VR og Verslunarmannafélag Húsavíkur.

Þegar ljóst var að í fyrsta skipti a.m.k. í mjög langan tíma myndu VR og önnur félög innan LÍV ekki ganga sameiginlega til kjarasamninga töldu fulltrúar VR í framkvæmdastjórn LÍV eðlilegt að VR fulltrúarnir ættu ekki sæti í samninganefnd sambandsins. Þeir óskuðu ennfremur eftir því að koma ekki að samningaumræðunni inni í framkvæmdastjórn og var það bókað. Einhver misskilningur kann að hafa orðið hvað það varðar því að eftir á kom í ljós að tilgangur þeirra var ekki að koma ekki að annarri umræðu um kjaramál s.s. kröfum á ríkisvaldið og er það leiður misskilningur. Það hefur einnig verið gagnrýnt að ekki hafi verið haldinn fundur í framkvæmdastjórn á meðan á kjarasamningum stóð. Sú gagnrýni er réttmæt en því er til að svara að á þeim tíma gafst lítil tími til annars en að sinna samningagerðinni.

LÍV skipaði því samninganefnd, sem eingöngu var skipuð landsbyggðarfulltrúum og vann hún kröfur sambandsins. Hana skipuðu auk formanns sambandsins þau Jóna Steinbergsdóttir, Sólveig Haraldsdóttir, Jóhann Geirdal, Hansína Á. Stefánsdóttir, Magnús Pálsson, Gylfi Guðmundsson og Ágúst Óskarsson enda hafði Verslunarmannafélag Húsavíkur þá ásamt öllum aðildarfélögum LÍV öðrum en VR veitt LÍV samningsumboð. Varamenn voru Guðrún Erlingsdóttir, Páll H. Jónsson, Unnur Helgadóttir, Kristín M. Björnsdóttir, Valur Ketilsson, Júnía Þorkelsdóttir, Gunnar Kristmundsson og Hafliði Jósteynsson.

Samninganefndarmenn voru síðan með skipulögðum hætti gerðir ábyrgir fyrir því að hafa samband við formenn þeirra félaga sem ekki áttu fulltrúa í samninganefndinni. Þannig fengu öll félögin jafnóðum fréttir af því sem var að gerast í samningafærlinum. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel. Samninganefndin hélt 40 fundi.

Samninganefnd LÍV og VR hófu viðræður við VSÍ sameiginlega þó að kröfugerðin væri ekki með sama hætti en af ófyrirsjáanlegum ástæðum voru fundir aðila með VMS aðskildir. Fundir með FÍS voru einnig sameiginlegir en þar varð að samkomulagi að ekki yrðu lagðar fram skriflegar kröfur heldur tekin upp umræða.

Samkvæmt viðræðuáætlunum átti að leggja fram kröfur um miðjan nóvember og umræður um kaupliði að hefjast í byrjun desember þannig að kröfur voru í raun lagðar fram í tvennu lagi. Áherslumunur var milli samninganefndar LÍV og VR. Því réðu að mestu mismunandi aðstæður í launamálum á landsbyggðinni og í Reykjavík því landsbyggðarfélögin sem eru mun háðari launatöxtum en Reykjavík lögðu mesta áherslu á að hækka dagvinnulaun.

Á sama tíma voru í gangi viðræður á vettvangi landssambanda innan ASÍ um fyrirtækjasamninga og tók formaður LÍV þátt í þeim ásamt Guðmundi B. Ólafssyni lögfræðingi VR og fleirum. Það var skoðun samninganefndar LÍV að það væri jákvætt að gera fyrirtækjasamninga en þeir gætu ekki komið í stað hækkunar á launatöxtum og það mætti ekki gera samninginn þannig að hann bannaði aðkomu stéttarfélaganna að gerð hans en það var hugmynd atvinnurekenda. Þar við bættist að félögin úti á landi töldu ólíklegt að gerð yrðu margir slíkir samningar á landsbyggðinni og því voru fyrirtækjasamningar ekki í kröfugerð samninganefndar LÍV.

Á sama tíma var einnig verið að ræða kjarasamningamál og kröfur á ríkisvaldið á vettvangi formanna landssambanda ASÍ. Þar var ljóst að ef mögulegt ætti að vera að knýja fram einhverjar breytingar á skattastefnu ríkisstjórnarinnar og ýmsum öðrum atriðum sem skipta miklu máli fyrir launafólk þá yrðu landssamböndin að sameinast um áherslur.

Það varð úr að samninganefnd LÍV slóst í hóp landssambanda LÍV og tók þátt í að leggja fram heildstæða kjarastefnu þar sem aðaláherslan var á hækkun launataxta og krónutöluhækkun. Ennfremur var sameinast um áherslur gagnvart ríkisstjórn í skattamálum o.fl. Krafa LÍV var að lágmarkslaun afgreiðslufólks yrðu við undirritun kr. 65.000 á mánuði en skrifstofufólks kr. 85.000, öll laun hækkðu um kr. 5.000 við undirritun og síðan aftur 1. janúar 1998 en samið væri til 2ja ára.

VR samdi við FÍS þ. 1. mars og síðan ásamt RSÍ og Iðju við VSÍ og VMS þ. 10. mars 1997. Samninganefnd LÍV undirritaði kjarasamning við VSÍ og VMS þ. 24. mars og við FÍS þ. 7. apríl. Samningarnir voru því sem næst samhljóma. Eftir undirritun kjarasamnings VR, RSÍ og Iðju sendi ríkisstjórnin frá sér yfirlit yfir þær breytingar sem hún hugðist gera m.a. á skattakerfinu. Áður en samninganefnd LÍV og hin landssamböndin undirrituð sína kjarasamninga kom í ljós eins og áður segir að verið var að vinna að nýju frumvarpi um lífeyrissjóði í félagsmálaráðuneytinu og ljóst var að yrði það að veruleika myndi það veikja lífeyrissjóðakerfið mjög mikið. Öll verkalýðshreyfingin sameinaðist í málinu og var ljóst að ekki yrði samið á meðan málið væri óleyst. Þau félög sem þegar höfðu samið hótuðu að láta ekki afgreiða samningana. Þ. 24. mars undirritaði Davíð Oddsson forsætisráðherra yfirlýsingu sem m.a. lýsti því yfir að forræði hinni almennu lífeyrissjóða á 10% sameiginlegu framlagi vinnuveitenda og launþega yrði tryggt í þeirri löggjöf, sem þá var í undirbúningi. Það var því lán að stærsti hluti verkalýðshreyfingarinnar var ekki búinn að undirrita kjarasamninga þegar fréttirnar bárust og mögulegt var að bregðast sterkt við.

Samningur um viðræðuáætlun

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband ísl. verzlunarmanna annars vegar og Félag ísl. stórkaupmanna hinsvegar gera með sér eftirfarandi samkomulag um viðræðuáætlun vegna kjarasamninga 1996/7.

1. Aðilar skulu í síðasta lagi þann 1. nóvember 1996 tilkynna skriflega hverjir hafi samningsumboð fyrir hönd aðila.
2. Aðilar skulu fyrir 15. nóvember 1996 koma sér saman um efnisatriði viðræðna fyrir gerð kjarasamninga.
3. Ef ekki næst samkomulag um efnisatriði viðræðna skulu aðilar hvor um sig skila skriflegum kröfum fyrir kl. 16:00 þann 18. nóvember 1996. Afrit af kröfum skal sent ríkissáttasemjara.

4. Hafi aðilar ekki lokið gerð kjarasamninga fyrir 13. desember 1996 eru aðilar sammála um að ágreiningurinn fari sjálfkrafa til ríkissáttasemjara sem tekur þá við stjórn viðræðnanna.

Viðræðuáætlun

Landsamband ísl. verzlunarmanna og Vinnumálasambandið gera með sér eftirfarandi samkomulag um viðræðuáætlun vegna endurnýjunar aðalkjarasamnings verslunarmanna, samnings um söluturna auk annarra kjarasamninga aðila sem verða lausir 1. janúar 1997. Viðræðuáætlun þessi er gerð f.h. aðildarféлага LÍV annarra en Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Verslunarmannafélags Húsavíkur.

1.gr.

Tilkynna skal skriflega eigi síðar en 7. nóvember 1996 hverjir fari með samningsumboð fyrir hönd aðila og hverjir skipa samninganefndir.

2.gr.

Samninganefndir aðila skulu koma saman eigi síðar en 7. nóvember 1996 og á þeim fundi skal fara yfir áherslur varðandi þau efnisatriði sem aðilar óska eftir að fjalla um og skipuleggja áframhaldandi viðræður.

3.gr.

Leggja skal fram skriflegar kröfur fyrir kl. 16:00 hinn 18 nóvember 1996. Eigi síðar en 2. desember 1996 hefjist viðræður um kaupliði kjarasamnings og einnig skulu aðilar þá skiptast á endanlega útfærðum kröfum. Afrit af kröfum skal sent til ríkissáttasemjara.

4.gr.

Hafi aðilar ekki lokið gerð kjarasamninga fyrir 16. desember 1996 skal ágreiningi vísað til ríkissáttasemjara, nema um annað verði samið.

5.gr.

Fundir skulu að jafnaði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara, nema samkomulag verði um annað. Fundir verði eftir því sem unnt er haldnir á venjulegum vinnutíma.

Reykjavík, 22. október 1996

Vinnumálasambandið mun leggja til við ríkissáttasemjara að viðræðuhlé verði yfir jóla og áramót, hafi samningar ekki tekist áður.

Viðræðuáætlun

Viðræðuáætlun milli aðildarfélag Landssambands Íslenzkra verzlunarmanna annarra en Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands vegna samninga sem verða lausir 1.1. 1997

Gefin út af ríkissáttasemjara 5. nóvember 1996

1. *Gildissvið viðræðuáætlunar*

Áætlunin nær til viðræðna vegna endurnýjunar aðalkjarasamnings verslunarmanna og samninga milli aðila um söluturna, gestamóttökur, flugafgreiðslur og apótek sem verða lausir 1. janúar 1997. Hún nær einnig til viðræðna vegna samnings Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og Vinnuveitendasambands vegna bensínafgreiðslumanna og samnings Verslunarmannafélags Suðurnesja við Íslenskan markað hf.

2. *Samningsumboð*

Við upphaf samningaviðræðna kynni samningsaðilar hvernig samninganefnd er skipuð og umboð nefndanna.

3. *Markmið samninga*

Í fyrstu viku eftir útgáfu viðræðuáætlunar kynni samningsaðilar meginmarkmið fyrir komandi samningsgerð. Þar skal m.a. lýsa markmiðum varðandi þróun verðlags, kaupmáttar og atvinnustigs svo og hugmyndum um samningstíma og samningsfor-sendur. Þess verði þegar í upphafi freistað að setja viðræðunum sameiginleg meginmarkmið, a.m.k. um þá efnispætti sem aðilar geta orðið sammála um.

4. *Sérmál önnur en kaupliðir*

Innan tveggja vikna frá útgáfu viðræðuáætlunar kynni aðilar óskir um breytingar á ákvæðum kjarasamninga, örðum en þeim sem beint lúta að kaupliðum. Viðræður verði skipulagðar um einstaka þætti, þar með talda sérsamninga sem óskað er breytinga á, og þess freistað að ná samkomulagi um sem flesta efnispætti fyrir lok nóvembermánaðar.

5. *Kaupliðir*

Eigi síðar en í fyrstu viku desembermánaðar hefjist viðræður um kaupliði kjarasamnings og breytingar á þeim ákvæðum sem hafa marktæk áhrif á launakostnað. Jafnframt verði haldið áfram umræðu um aðra þætti að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast umræðu um kaupliði, þ.m.t. launataxta og álagsgreiðslur.

6. *Aðstoð sáttasemjara*

Hafi samningar ekki komist á þann 16. desember skal ágreiningi vísað til ríkissáttasemjara, nema samkomulag verði um annað og honum sendar kröfur og síðustu tilboð viðsemjenda.

7. *Viðræðuhlé*

Hafi samningar ekki tekist fyrir 21. desember mun sáttasemjari hafa samráð við samningsaðila um að gert verði viðræðuhlé frá þeim tíma fram yfir áramót nema tilfni verði til annars.

Kröfur lagðar fram gagnvart VSÍ og VMS 18. nóvember 1996.

Meginmarkmið

Forgangsverkefni í þessum samningum er að hækka launataxtana. Skv. gögnum Kjararannsóknarnefndar kostar lítið sem ekkert að hækka lágmarkslaun alls skrifstofufólks í kr. 75.000 og því ætti ekki að vera kostnaðarauki fyrir fyrirtækin að hækka þá launataxta, ef tryggt væri að hækkunin gengi ekki hlutfallslega yfir öll önnur laun.

Skv. sömu gögnum er mun dýrara að hækka lágmarkslaun afgreiðslufólks en óhófleg notkun yfirvinnu í versluninni gefur þó ákveðna möguleika á að hækka dagvinnulaunataxta með lækkun á greiddri yfirvinnu.

Skráð verði lágmarkslaun og síðan byggt ofan á þau með tvennum hætti, annars vegar með launaprepum sem byggja á starfsreynslu í greininni og þekkingu og hins vegar með birtingu markaðslauna fyrir ákveðin starfsheiti sem fengin væru með launakönnunum.

Gert verði mögulegt að gera kjarasamninga í einstökum fyrirtækjum með aðkomumöguleika stéttarfélaganna. Setja þarf ramma fyrir þau atriði sem mögulegt væri að semja um í slíkum samningi og samningurinn þarf að hafa gildi kjarasamnings.

Samningstími

Gildistími samnings fari eftir innihaldi hans en þó þannig að samningurinn renni út 1. mars í stað 1. janúar.

Forsendur

Viðmiðun verði við viðskiptakjör, þjóðartekjur og landsframléiðslu. Ennfremur þarf að vera ákvæði um að ef hagvöxtur á samningstímanum verður yfir áætluð 2-2,5% á ári verði launaliður samningsins endurskoðaður. Viðmiðunin þarf einnig að vera við gengisskráningu og ákveðna verðbólgu þannig að möguleiki sé á að opna samninginn ef hækkunir verða meiri en reiknað er með. Ef samningurinn er til lengri tíma þarf ákvæði um endurskoðun á forsendum hans á einhverjum ákveðnum tíma.

Einn afgreiðslusamningur

Samningur um söluturna falli niður og gerður verði einn samningur um vinnutíma ekki afgreiðslutíma fyrir allar tegundir verslana.

Sveigjanlegur vinnutími - skipulagðar verslanir

Þær verslanir sem skipuleggðu vinnutíma a.m.k. 16 vikur fram í tímann ættu kost á að nota sveigjanlegan vinnutíma. Skipuleggja mætti 40 klst vinnu þannig að hún væri greidd á dagvinnulaunum en álag kæmi á þann hluta vinnunnar sem félli á kvöld og laugardaga. Álagið væri mun lægra en núverandi yfirvinnuálag og það væri mismunandi eftir dögum og tíma. Sá tími sem unninn væri umfram 40 klst á viku væri greiddur með yfirvinnuálagi sbr. nógildandi kjarasamning. Sama gildir um frídaga og stórhátíðardaga.

Tryggja þarf þeim sem þess óska fulla vinnu m.a. vegna þeirra verslana, sem hugsanlega myndu opna kl. 11:00 og loka kl. 18:00.

Óskipulagðar verslanir

Þær verslanir sem ekki skipuleggja vinnutíma a.m.k. 16 vikur fram í tímann greiði afgreiðslu-fólki dagvinnu- og yfirvinnulaun eftir klukku skv. óbreyttum samningi.

Starfsmenntun

Tryggja þarf rétt starfsfólks til að sækja starfsmenntanámskeið á launum.

Einnig þarf ákveðna undirstöðupjálfun fyrir byrjendur.

Eingreiðslur

Stytta þarf viðmiðunartíma vegna eingreiðslna.

Staðgengilslaun

Setja þarf inn ákvæði um staðgengilslaun vegna afleysinga.

Orlof

Viðbótarorlof miðist við ákveðinn tíma í starfsgrein en ekki hjá sama atvinnurekenda.

Frídagar

Frídagur verslunarmanna og 1. maí greiðist með stórhátíðarálagi.

Hvíldartími

Aðlaga þarf greinar varðandi hvíldartíma að vinnutímatilskipun EES.

Öryggi

Setja þarf reglur til að tryggja öryggi afgreiðslufólks sérstaklega á kvöldin og um helgar.

Sarfsfólk apóteka

Tryggja þarf lyfjatæknum og öðru starfsfólki apóteka rétt á að sækja námskeið sama hvar þeir starfa á landinu..

Orðin “að ósk atvinnurekanda” í grein 7 vegna skófatnaðar verði tekin út.

Flugafgreiðsla

Sérstakt álag komi vegna anna um jól og páska og þess að starfsmenn ganga í öll störf s.s. farmiðasölu, símsvörun, innritun og hleðslu/afhleðslu flugvéla. (Þessi liður var aðeins í kröfum á VSÍ þar sem VMS semur ekki fyrir flugafgreiðslur).